



Minnisblað

Viðtakandi Fjárlaganefnd Alþingis
b.t. Jóns Magnússonar

Sendandi Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti
Skrifstofa fjárlaga og rekstrar


Dagsetning 27. nóvember 2023
Málsnúmer FRN23110239

Svör við erindi fjárlaganefndar Alþingis frá 18. október 2023

1. **Nýgengi örorku hefur lækkað vegna aukinnar áherslu á endurhælingu. Engu að síður vex hún um 2,5%.**

a. **Hver var þróunin í nýgengi örorku undanfarin ár?**

Frá árinu 2016 hefur verið aukin áhersla á að endurhæfing sé fullreynd áður en til mats á örorku kemur og hefur samanlagt hlutfall örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega af mannfjölda á aldrinum 18-66 ára verið nokkuð stöðugt síðan þá, en hafði vaxið töluvert fram að því. Þannig hefur dregið úr nýgengi örorku á meðan aukning var í endurhæfingu, en síðustu 2 ár er vísbending um að nýgengi endurhæfingar sé hætt að vaxa af sama krafti og því spurning hvort jafnvægi sé að nást. Forsendur fjármálaáætlunar gera hins vegar ráð fyrir að kerfislægur vöxtur verði áfram 2,5%, en það er alltaf viss óvissa um það hvort um varanlega þróun sé að ræða eða tímabundna.




b. **Hver er árangurinn af endurhælingunni og hvernig leggur ráðuneytið mat á hann?**




Ráðuneytið horfir til ýmissa þátta við mat á árangri af endurhæfingu. Meðal annars er horft til nýgengis örorku og hlutfall þess af mannfjölda, samanlagðs nýgengið endurhæfingar og örorku og hlutfall af mannfjölda og hlutfall endurhæfingarlífeyrisþega sem fá metna örorku eftir að töku endurhæfingarlífeyris lýkur.




Nokkrar myndir sem sýna þróun nokkurra mælikvarða.



Hlutfall endurhæfingarlífeyrisþega sem færast yfir á örorku (allir aldurshópar)



Nýgengi örorku, fyrri myndin sýnir fjölda og hlutfall þeirra sem eru greindir með örorku í fyrsta sinn og sú seinni alla örorkulífeyrisþega.





Nýgengi endurhæfingar, fyrri myndin sýnir fjölda og hlutfall þeirra sem fá mat til endurhæfingarlífeyris í fyrsta sinn og sú seinni alla endurhæfingarlífeyrisþega.



c. Hve stór hluti þeirra sem notið hefur endurhæfingar þarf að nýta úrræðið oft en einu sinni?

Einstaklingur getur verið á endurhæfingarlífeyri í allt að 5 ár og á þeim tíma getur hann verið að nýta ýmis endurhæfingarúrræði, en endurhæfingaráætlanir eru yfirleitt ekki til lengri tíma en þriggja mánaða í senn og áætlanirnar breytast í takt við framvindu sjúkdóms og endurhæfingar. Ef horft er til þeirra sem hefja töku endurhæfingarlífeyris að nýju, meira en hálfu ári eftir að töku endurhæfingarlífeyris lauk, hafa það að jafnaði verið um 20% endurhæfingarlífeyrisþega frá upphafi, en hlutfallið er komið niður í um 12-13% vegna þeirra sem luku endurhæfingu árin 2020 og 2021.

Hins vegar eru skýr dæmi um ávinning endurhæfingar, en við sjáum að sífellt lægra hlutfall þeirra sem hefja töku endurhæfingarlífeyris fari yfir á örorkulífeyri, nýjustu tölur eru að um 43% þeirra fari á örorkulífeyri en sú tala var yfir 60%. Það er túlkað þannig að aukinn ávinningur sé af endurhæfingu þegar hlutfall þeirra sem fara í virkni eykst, og það þrátt fyrir verulega fjölgun endurhæfingarlífeyrisþega. Á sama tíma hefur meðal tímalengd endurhæfingarlífeyris lítið breyst, en að jafnaði hefur hann verið um og undir 18 mánuðum.

2. Hver hefur árlegur kostnaður við öryggisvístun verið undanfarin 5 ár.



Fjárheimild vegna úrræði vegna öryggisvistunar og fjárheimild vegna greiðslum skv. lögum nr. 38/2018 um vistun fatlaðra barna með fjölbættan vanda utan heimilis, hafa verið vistaðar á sama fjárlagalið frá árinu 2018.

Árin 2017-2019 fól velferðarráðuneytið Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins umsýslu öryggisvistunar. Í fjárlögum ársins 2020 flyst verkefnið ásamt fjárheimild til ráðuneytisins frá Greiningar- og ráðgjafastöðinni.

Með uppskiptingu stjórnarmálefna árið 2022 fluttist verkefni vegna vistunar fatlaðra barna utan heimilis, ásamt fjárheimild að fjárhæð 487 m.kr. til mennta- og barnamálaráðuneytisins. Frá árinu 2022 eru því eingöngu í ramma félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, fjárheimildir vegna öryggisvistunar.

Í töflunni hér á eftir gerð grein fyrir kostnaði árána 2020-2023 vegna öryggisvistunar og kostnaðar vegna búsetuúrræða fatlaðra barna utan heimilis auk afkoma fjárlagaliðarins . Uppsafnaður halli árin 2021-22 er samtals um 230 m.kr. og gert ráð fyrir hallarekstri á fjárlagalið öryggisvistunar á yfirstandandi ári.

	Heildar- fjárheimild	Heildargjöld	Afkoma	Gjöld öryggisvistun	Gjöld vegna búsetuúrræða barna
2020	816,02	850,3	afkoma -34	517,8	332,5
2021	884,8	987,7	afkoma -102	518,95	468,75
2022	507,7	633,9	afkoma -126	633,9	-
2023	550,3	760*			
Allar fjárhæðir í m.kr.					
*mat á kostnaði 2023					

a. Hve margir hafa sætt öryggisvistun árlega?

Fjöldi einstaklinga úrræðum á vegum FRN hafa verið eftirfarandi:

Ár	Fjöldi einstaklinga
2019	6
2020	5
2021	6
2022	6
2023	7

b. Hvað má gera ráð fyrir að margir þeirra sem nú sæta öryggisvistun verði í henni á næstu árum?



Einstaklingar í hópnum sem eru á ábyrgð aðalskrifstofu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis eru í úrræðum á grundvelli dóma, eru allir ósakhæfir, og glíma við flókinn vanda fötlunar, geðrænna vandamála og eftir atvikum þroskaskerðinga. Það má gera ráð fyrir að þeir sem nú eru í úrræðum á vegum FRN þar sem veitt er öryggisþjónusta, verði þar að óbreyttu til framtíðar.

c. Hvaða leiðir telur ráðuneytið að séu færar til að lækka árlegan kostnað vegna úrræðisins?

Eina raunhæfa leiðin til að takast á við verkefnið til framtíðar með hagkvæmni að leiðarljósi, er að byggja sérhæft húsnæði fyrir þá sem þurfa á öryggisvistun að halda.

Í tengslum við frumvarp um öryggisþjónustu sem hefur verið í vinnslu í FRN var gert kostnaðarmat um byggingu sérhæfðs húsnæðis sem rúmar sjö einstaklinga. Tillaga var sett fram í fjármálaáætlun 2024-2028 um byggingu sérhæfðs húsnæðis og fjármagns til reksturs þess. Niðurstaða kostnaðarmatsins var að rekstur úrræðis fyrir sjö einstaklinga á ársgrundvelli yrði um 750-800 m.kr. og nú þegar eru 550 m.kr. í ramma til reksturs.

Það er mikið hagræði í því fólgið að vista fleiri einstaklinga á sama stað og ná hagkvæmni í mönnun og rekstri en að vista sama fjölda einstaklinga á jafn mörgun stöðum. Þess má geta að vistun fyrir tvo einstaklinga á sitthvorum staðnum á höfuðborgarsvæðinu mun kosta 500 m.kr. árið 2024. Þessi úrræði eru ákaflega dýr og krefjast mikillar mönnunnar þannig að það er eftir miklu að slægjast í betri meðferð á opinberu fé.

Starfandi er starfshópur hjá dómsmálaráðuneyti með aðkomu fleiri ráðuneyta um sértæk úrræði fyrir frelsissvipta. Þar er ætlunin að leggja mat á málefnið því í hópnum eru ósakhæfir einstaklingar í úrræðum greiddum af félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, ósakhæfir á réttargeðdeild, sakhæfir einstaklingar í fangelsum sem þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda auk þess sem fjöldi fatlaðra einstaklinga er í búsetuúrræðum sveitarfélaga sem þurfa á öryggisþjónustu að halda. Taka þarf lagaumhverfið til gagngerrar endurskoðunar.

Nýverið tók til starfa fjármalahópur í tengslum við starfshóp dómsmálaráðuneytis þar sem ætlunin er að leggja á mat á kostnað við vistun einstaklinga m.a. með hagkvæmni að leiðarljósi. Í þeirri greiningu þarf að skilgreina betur hópinn og þarfir hans með tilliti til öryggisþjónustu sbr. upptalningu hér að framan um einstaklinga á réttargeðdeild, í fangelsum, í úrræðum FRN og hjá sveitarfélögum.

3. Fjárheimild sem Aþingi (Ljálraganefna) veitti í ljárlögum yfirstandandi árs til íslenskukennslu fyrir inntlyjendur vegna aukins fjölda inntlyjenda, mikilvægis íslenskukunnáttu og til að tryggja samtélagslega virkni o.þl.



a. Ráðherra mun upplýsa nefndina um notkun ljárheimildarinnar en með henni var m.a. ætlunin að endurskoða kostnaðarhlutdeild nemenda í byjunarnámi í íslensku (A-stig) með það fyrir augum að lækka hana eða fella niður, svo að kostnaður verði ekki hindrun.

Á árinu 2023 hefur íslenskukennsla fyrir fullorðna útlendinga sem fer fram utan formlega skólakerfisins verið mikið í brennidepli til að auka aðgengi að íslenskunámskeiðum og auka sýnileika og skýra framsetningu þeirra m.a. út frá stigvaxandi færnistigum Samevrópsks tungumálaramma. Þá hafa íslenskunámskeiðin sætt gagnrýni, sem m.a. kom fram í úttekt Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri (2018 og 2023), um að tæplega 60% fullorðinna þátttakenda í íslensku sem öðru máli, um allt land, telja sig tala litla íslensku og voru óánægð eða mjög óánægð með námið. Þá voru ekki tengsl á milli fjölda námskeiða sem þau tóku og hvernig þau mátu getu sína til að tala íslensku.

Þegar málaflókkur íslenskukennslu utan formlega skólakerfisins fyrir fullorðna innflytjendur fluttist til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis með uppskiptingu stjórnarmálefna í febrúar 2022 kom í ljós að fræðsluaðilar fylgdu ekki alltaf eftir færnistigum Samevrópsk tungumálaramma og þau sem það gerðu gagnrýndu námskrár um A og B færnistig. Reynt var að koma skikki á þá framsetningu með veitingu aukaframlags til íslenskukennslunnar í heimsfaraldri þar sem sett var inn í samninga skilyrði um að miða þyngdarstig námskeiða við tungumálarammann, en misjafnt er hvernig fræðsluaðilar ná að nýta hann og því þarf að tryggja þann grunn áður en lengra er haldið.

Til að fá yfirsýn yfir svið íslenskukennslu sem annars máls og þau álitamál sem þar hafa komið upp setti forsætisráðuneytið upp ráðherranefnd fimm ráðherra um málefni íslenskrar tungu í nóv. 2022 Afurð þeirrar vinnu verður m.a. þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026 sem verður lögð fyrir Alþingi og þar sem getið er um 19 aðgerðir. Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti ber þar ábyrgð á eftirfarandi fimm aðgerðum sem öll varða endurskoðun og úttektir á framkvæmd og stuðningi við íslenskukennslu fyrir innflytjendur:

Aðgerð 1: Starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu.

Aðgerð 2: Bætt gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur.

Aðgerð 15: Samþætting íslensku og erlendra móðurmála á fagtengdum grunnnámskeiðum starfsfólks í heilbrigðis-, félags- og umönnunargreinum.

Aðgerð 17: Íslenska handa öllum.

Aðgerð 19: Starfsþróun og hæfni þeirra sem kenna íslensku sem annað mál.



Þá stýrir ráðuneytið einnig tveimur stórum endurskoðunar- og stefnumótunarverkefnum sem varða málefni innflytjenda og tækifæri þeirra til að læra íslensku. Þar er annars vegar um að ræða endurskoðun framhaldsfræðslukerfis og laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 þar sem umgjörð og skipulag íslenskukennslunnar er kortlagt í samstarfi 25 hagsmunaaðila en um það verkefni er getið í stjórnarsáttmála. Hitt verkefnið er heildarstefnumótun í málefnum innflytjenda sem jafnframt tekur á skýrleika samfélagsfræðslu. Innan framhaldsfræðslunnar er verið að gera eftirfarandi úttektir sem nýtast eiga til stefnumótunar á sviðinu:

Staða innflytjenda í framhaldsfræðslukerfinu:

- a. Titill skýrslu: Samfélög án aðgreiningar: Mat innflytjenda á eigin færni í íslensku (Lara Hoffmann, Kjartan Ólafsson og Markus Meckl. RHA).
- b. Titill skýrslu: Úttekt á gæðamálum íslenskukennslu fyrir fullorðið fólk með annað móðurmál en íslensku (Ólöf Júlíusdóttir. Félagsvísindastofnun).
- c. Titill skýrslu: Fullorðinsfræðsla meðal innflytjenda: Greining á stefnu og rannsóknum (Nichole Leigh Mosty. Menntavísindastofnun).

Brýnt þykir að fá grunnupplýsingar um stöðuna í málaflokknum áður en greiðslumódeli íslenskukennslunnar verður breytt, en núna byggir það á frekar lágum styrk pr. kennslustund sem veittur er til kennslunnar í gegnum Rannís, og hins vegar á námskeiðsgjöldum sem geta verið frá 45-60 þús. krónum fyrir 40 klukkustunda námskeið. Í flestum tilfellum fá þátttakendur hluta námskeiðsgjalda endurgreidda í gegnum sjóði atvinnulífs eða þjónustustofnanir, en þó alls ekki allir. Beðið er eftir niðurstöðum endurskoðunarverkefnanna áður en næstu skref eru tekin og þá sérstaklega samvinnuverkefni um aðgerð 3 í þingsályktun um málefni íslenskrar tungu um *Virkjun Samevrópsk tungumálaramma* sem mennta- og barnamálaráðuneyti ber ábyrgð á og hins vegar aðgerð 17 á vegum FRN um *Íslenska fyrir öll* þar sem skýra á réttindi og skyldur innflytjenda til að tileinka sér grunnleikni í íslensku (s.s. A-B færnistig) og þá með hvaða hvötum og nýju heildstæðu kostnaðarmódeli um t.d. hvort ríkið greiði þau námskeið sem kenna skilgreinda grunnleikni og námskeiðsgjöld hverfi? Samkvæmt aðgerðaáætluninni á sú aðgerð að hefjast 2024 í samstarfi fjölmargra aðila en fram að þeim tíma er gert ráð fyrir fjölgun þátttakenda í íslenskunámi og fjölbreyttari tækifærum til að læra íslensku með 115 m.kr. viðbótarframlaginu sem að óbreyttu fellur niður á næsta ári og sótt er um í 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2024, til að halda í við fyrri fjárveitingar í gegnum Rannís sjóð og til að geta mætt auknum fjölda innflytjenda með gæðanámi og ígrundaðri þróun þess.

4. Fjárlaganefnd óskar er eftir upplýsingum um svokallaða safniði ráðuneyta og sérstaklega ráðstöfun þeirra til ýmissa tégagasamtaka og sjálfeignarstofnana.



Samantekt er í vinnslu og mun berast á næstu dögum.

5. **Á Íslandi fer hlutfallslega fleira ungt fólk snemma á örorkubætur en á Norðurlöndunum.**
- Óskað er eftir upplýsingum sem veita innsýn í þessa þróun.*
 - Hver er þróunin eftir að tekið hefur verið tillit til mismunandi örorkuréttinda ungs fólks innan Norðurlandanna?*


Fyrirkomulag greiðsla til einstaklinga á Norðurlöndum með enga eða hlutastarfsgetu er mjög mismunandi milli landanna. Ísland og Noregur skera sig úr í fjölda örorkulífeyrisþega sem hlutfall af mannfjölda, Ísland sérstaklega vegna yngri aldurshópa og Noregur vegna eldri aldurshópa. Töluverð vinna hefur verið í gangi við að kortleggja mun milli landanna og á sama tíma hafa kerfi allra landanna verið að breytast og er hvert land með sína eigin nálgun. Það hefur því ekki tekist ennþá að gera samanburð á þróun eftir að leiðrétt hefur verið fyrir mismunandi réttindum.

Samanburður við Norðurlönd 2014-2020

Fjöldi og árlegt nýgengi



Örorkulífeyrisþegar sem hlutfall af mannfjölda



Örorkulífeyrisþegar - aldursdreifing



Nýgengi örorku sem hlutfall af mannfjölda



Hér að neðan er stiklað á stóru um fyrirkomulag greiðslna til einstaklinga með enga eða skerta starfsgetu á Norðurlöndum.

Í Danmörku, er örorkulífeyrir (förtidspension) fyrst og fremst ætlaður einstaklingum 40 ára og eldri sem eru með varanlega skerta starfsgetu í svo miklu mæli að viðkomandi getur ekki tryggt framfærslu sína með almennu starfi eða með sveigjanlegu starfi. Einstaklingur 18-39 ára getur eingöngu fengið örorkulífeyri í sérstökum tilvikum, þegar það er alveg ljóst að viðkomandi mun aldrei geta unnið. Þar er þó að finna fjölbreytta flóru tímabundinna greiðslna



vegna starfsgetumissis, sjúkrageiðslur, starfsendurhæfingargreiðslur og mismunandi útfærslur virknigreiðslna, þar á meðal svokallaðar fleks-job greiðslur, sem ætlaðar eru einstaklingum með hlutastarfsgetu en með skilyrðum að sinna fleks-job starfi samhliða sem eru skilgreind störf ætluð einstaklingum með skerta starfsgetu.

Í Finnlandi, er örorkulífeyrir (Työkyvyttömyyseläke) greiddur einstaklingum sem misst hafa starfsgetuna eftir veikindi eða slys. Þá er almennur lífeyrir (Kansaneläke) greiddur þeim sem hafa hlutastarfsgetu. Við mat á möguleikum fyrir tekjuöflun til viðunandi lífskjara er litið til aldurs, menntunar, starfshæfni og fyrri starfa. Frá 60 ára aldri eru notuð vægari viðmið. Einstaklingar yngri en 20 ára fá ekki lífeyri fyrr en búið er að meta endurhæfingarmöguleika þeirra. Loks er lögbundinn lífeyrir sem byggist á tekjum (Työeläke), ætlaður einstaklingum á vinnumarkaði sem missa starfsgetuna og eru þá greiðslur veittar í samræmi við þá starfsgetu sem er til staðar; annars vegar örorkulífeyrir (Työkyvyttömyyseläke) ef starfsgeta er minni en 40% (2/5), og hins vegar hlutfallslegur örorkulífeyrir (Osatyökyvyttömyyseläke) ef minna en 60% (3/5) starfsgeta er fyrir hendi.

Í Svíþjóð, eru greiddar sjúkrageiðslur (sjukersättning) eða virknigreiðslur (aktivitetsersättning) til einstaklinga sem eru óvinnufærir að hluta eða öllu leyti. Þannig er ekki lengur til staðar greiðsluflokkurinn örorkulífeyrir. Greiðslurnar eru annað hvort í formi lágmarksbóta eða byggðar á tekjum. Sjúkrageiðslur greiðast einstaklingum á aldrinum 19-64 ára sem eru með varanlega skerta starfsgetu að fullu vegna sjúkdóms eða vegna andlegra eða líkamlegra hindrana. Sjúkrageiðslur greiðast einnig einstaklingum á aldrinum 30-64 ára með varanlega skerta starfsgetu að fullu eða að hluta (a.m.k. 25%) vegna sjúkdóms eða annarrar skerðingar á líkamlegri eða andlegri starfsgetu. Virknigreiðslur (aktivitetsersättning) greiðast einstaklingum á aldrinum 19-29 ára með langtíma, þ.e. í a.m.k. 1 ár, skerta starfsgetu að fullu eða að hluta (a.m.k. 25%) vegna sjúkdóms eða annarrar skerðingar á líkamlegri eða andlegri starfsgetu. Virknigreiðslur má veita í eitt til þrjú ár eftir því hversu lengi starfsgetan er skert.

Ef um örorku að hluta er að ræða greiðist hlutfall, $\frac{3}{4}$, $\frac{1}{2}$ eða $\frac{1}{4}$ af fullum bótum í samræmi við örorkuhlutfallið. Skert starfsgeta kemur fram sem $\frac{1}{1}$, $\frac{3}{4}$, $\frac{1}{2}$ og $\frac{1}{4}$. Lágmarksskerðing starfsgetu er $\frac{1}{4}$ nema hvað varðar sjúkrageiðslur (sjukersättning) fyrir einstaklinga á aldrinum 19-29, sem er aðeins veitt ef skert starfsgeta er metin skert að fullu, $\frac{1}{1}$. Skert starfsgeta er metin á þennan hátt óháð því hvort bótageiðslur muni samstanda af lágmarksbótum (garantiersättning), sjúkrageiðslum eða virknigreiðslum (inkomstrelaterad sjukersättning/aktivitetsersättning) sem byggjast á tekjum eða bæði. Fullar virknigreiðslur og fullar sjúkrageiðslur í formi lágmarksbóta fyrir þá sem eru á aldrinum 19-29 ára eru á mánuði allt eftir aldri viðkomandi sem hér segir: Yngri en 21 árs: SEK 9.982; 21-23 ára: SEK 10.183; 23-25 ára: SEK 10.385; 25-27 ára: SEK 10.586; 27-29 ára: SEK 10.787; 29-30 ára: SEK 10.988 og 30 ára og eldri: SEK 11.190.



Í Noregi, greiðast örorkugreiðslur (uføretrygd) úr skyldubundna almannatryggingakerfinu sem byggist á fyrri tekjum. Fyrir þá sem hafa haft lágar eða engar fyrri tekjur greiðist árleg lágmarksfjárhæð. Örorkugreiðslur teljast ekki til lífeyriskerfisins. Örorkugreiðslur (uføretrygd) greiðast ef tekjuhæfni er varanlega skert vegna varanlegs heilsubrests, örorku eða skerðingar. Læknisfræðilegt ástand verður að vera aðalorsök skerðingarinnar eða skertrar tekjuhæfni. Tekjuhæfnin verður að vera varanlega skertu um að a.m.k. 50% vegna tekna frá hvaða vinnu sem er en 40% ef viðkomandi fær greiddar vinnuáttæktir (arbeidsavklaringspenger) þegar sótt er um örorkugreiðslur eða 30% ef örorkan stafar að vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi.

6. Óskað er eftir minnisblað sem sýnir þróun fjármögnunar Virk úrræðanna, þróun Virk úrræðanna og annarra þátta sem ráðherra telur rétt að upplýsa nefndina um.

a. Hver hefur árangur úrræðanna verið að mati ráðuneytisins?

b. Hvernig er árangurinn mældur?

c. Óskað er eftir yirliti sem sýnir árlegt endurkomuhlutfall þeirra sem hafa notið úrræðanna.

d. Óskað er eftir yirliti sem sýnir árlegt atvinnuþátttöku hlutfall þeirra sem hafa notið úrræðanna.

VIRK-Starfsendurhæfingarsjóður er sjóður sem er fjármagnaður með framlögum frá atvinnurekendum og sjálfstætt starfandi, lífeyrissjóðum og ríkissjóði. Lífeyrissjóðir greiða sérstakt gjald vegna sjóðfélaga og atvinnurekenda og þeir sem starfa sjálfstætt greiða iðgjald vegna launamanna og sjálfra sín. Iðgjaldið var við stofnun sjóðsins 0,13% af stofni til iðgjalds. Ríkissjóður greiðir árlega 0,05% af gjaldstofni tryggingargjalds eins og það er ákvarðað á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum hvers árs. Auk þess er fjármögnun á grundvelli þjónustusamnings við ríkið.


Forsenda fyrir þjónustu á vegum VIRK er tilvísun frá lækni þar sem heilsubrestur sem hægt er að vinna með í starfsendurhæfingu er staðfestur. Starfsmenn sjóðsins meta þörf fyrir þjónustu, gera mat á stöðu og færni einstaklinga sem eru í þjónustu hjá VIRK og gera einstaklingsbundnar starfsendurhæfingaráætlanir fyrir hvern einstakling. VIRK kaupir þjónustu fyrir einstaklinga sem fá starfsendurhæfingu á vegum þeirra. Við kaup á þjónustu þá ber VIRK, samkvæmt þjónustusamningi VIRK og félagsmálaráðuneytisins og 9. gr. laga nr. 60/2012 að fylgja innkaupastefnu. Innkaupastefna VIRK var samþykkt af stjórn sjóðsins 14. febrúar 2017. Sjóðurinn er í samstarfi við þjónustuaðila um allt land sem selja VIRK þjónustu sína samkvæmt samningum þar um. Ráðgjafar og sérfræðingar VIRK taka síðan ákvörðun um kaup á þjónustu í samræmi við þarfir einstaklinga og áherslur starfsendurhæfingarinnar. Þjónustuaðilum sem selja VIRK þjónustu sína má í megindráttum flokka í tvennt, annars vegar starfsendurhæfingarstöðvar og aðrar stöðvar, svo sem Janus og Hringsjá, og hins vegar stök



úrræði eins og þjónustu sálfræðinga, sjúkráþjálfara og túlka. Í skýrslunni eru upplýsingar um þjónustuaðila og starfsendurhæfingarstöðvar sem eru með samning við VIRK.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti telur að þróun síðustu ára hvað varðar nýgengi örorku gefi vísbendingu um árangur af endurhæfingu og vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. svör við spurningu 1 frá fjárlaganefnd, en þar kemur fram að hlutfall örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega hafi nokkurn veginn staðið í stað síðustu ár, en hafði vaxið fram til 2016. Ráðuneytið fylgist með fjölmörgum mælikvörðum við að leggja mat á þróun á örorku, endurhæfingu, starfsendurhæfingu og vinnumarkaðsúrræðum og hvort greina megi samspil þessara þátta. Má þar nefna tölfraði TR um þróun örorku- og endurhæfingarlífeyris ([TR Mælaborð](#)) sem og tölfraði VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs ([VIRK-árangur](#) og [Virki í tölum](#)) um starfsemi sjóðsins auk þess sem ráðuneytið kallar eftir nánari greiningum til að varpa skýrara ljósi á samspil endurhæfingar og almannatrygginga, sérstaklega í tengslum við stefnumörkun á málefnasviðinu.

Heildarúttekt á þjónustu VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs var birt í desember sl. en hún var unnin fyrir ráðuneytið í samræmi við lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða og er það einnig liður í árangursmati ráðuneytisins. Neðangreindar upplýsingar um starfsemi VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs eru fengnar úr skýrslunni. ([Skýrsla - Heildarúttekt á þjónustu VIRK](#)).




Þá stendur nú yfir heildarendurskoðun á örorkulífeyriskerfinu þar sem meðal annars er unnið að því að tryggja réttindi fólks sem verður fyrir starfsgetumissi og þarfnast endurhæfingar. Í þeirri vinnu er verið að afla viðtækra gagna á félags- og heilbrigðisviði til að bera kennsl á þróun úrræða fyrir fólk með skerta starfsgetu og hvar gera má betur og þar á meðal er ábata- og þarfagreiningu fyrir

starfsendurhæfingu. Framangreind heildarúttekt á VIRK-Starfsendurhæfingarsjóði nýtist vel inn í þá vinnu, bæði hvað varðar umgjörð, stefnumótun og lagaumhverfi málaflokksins.



VIRK-Starfsendurhæfingarsjóður leggur reglulega sjálfstætt mat á árangur sinn sem lið í innra eftirliti og eins framkvæmir Ríkisendurskoðun úttekt á VIRK. Hér eru nokkrar myndir fengnar af vef sjóðsins ([VIRK-árangur](#)) sem sýna framfærslu við útskrift og metinn árangur af starfseminni sem dæmi um mælikvarða sem horft er til við mat á árangri.





7. Óskað er eftir minnisblaði sem sýnir hver aðhaldskrafa ráðuneytisins er í heild og eftir málatlokkum, hvernig hún er skilgreind og skiptist eftir tegundum aðhalds milli málatlokkanna. (Með því er átt við almenn t aðhald, sértækt aðhald o.s.frv.) Þá er óskað eftir yfirliti sem sýnir að hvaða marki útgjaldasvigrúmi og öðru svigrúmi sem ráðuneytið býr yfir er beitt til að draga úr áhrifum aðhaldskröfunnar.

Aðhaldskrafa á forræði FRN	Frumvarp 2024 2%	Sértækar aðhaldsráðstafanir							Heildar aðhald 2024	Ráðstöfun útgjaldasvigrúms	
		1% á aðalskr. ráðun.	2,5% á laun	0,5% önnur gjöld	Ferðak.	10% ný verk.	20% útgj. svigr.	Óút- fært		Samtals	Mildun aðhalds
Aðhald umsækjendur um alþj. vernd (mfl.10.5)	-63,8			-38,4				-38,4	-102,2		
Aðhald framhaldsfræðsla o.fl. (mfl.22.2)	-38,8	-0,1		-1,4	-0,1			-1,6	-40,4		
Íslenskukennsla fyrir útlendinga 450-110	-6,2							0,0	-6,2		
Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks 451-101	-5,7			-1,4	-0,1			-1,5	-7,2		
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 452-110	-2,2							0,0	-2,2		
Fræðslusjóður 453-110	-18,1							0,0	-18,1		
Fræðslu- og símenntunarstöðvar 454-110	-6,6	-0,1						-0,1	-6,7		
Aðhald á málaflokk 27.3	-23,5	-11,0	-2,3	-0,2				-13,5	-37,0	4,9	37
þ.a. réttindagæslan 700-110	-2,7	-2,0		-0,2				-2,2	-4,9	4,9	37
þ.a. framkvæmdaáætlun 700-115	-23,5	-9,0	-2,3					-11,3	-34,8		
Aðhald á málefnavið 28	0							0,0	0,0		
Aðhald á umsýslu FOS (mfl. 29.2)	-2,8	-0,5	-0,6					-1,1	-3,9		
Aðhald á 29.4	-57,4	-13,2	-7,0	-1,5	0	0	-20	-41,7	-99,1	7	7,8
Umboðsmaður skuldara 341	-6,6	-5,8	-0,4					-6,2	-12,8		
Þjónustu- og þekkingamiðstöðin 755	-8,5	-5,9	-0,4					-6,3	-14,8	7	7,8
Fjölskyldumál ýmis verkefni 999-121	-26,1	-1,4	-3,1	-1,5			-20	-26,0	-52,1		
Aðstoð við þolendur 999-142	-5		-0,4					-0,4	-5,4		
Öryggisvistun 999-170	-11		-2,7					-2,7	-13,7		
Varasjóður 998	-0,2							0,0	-0,2		
Bætur til foreldra langveikra barna, umsjón		-0,1						-0,1	-0,1		
Aðhald málefni innflytjenda og flóttafólks 29.7	-24,4	-0,1	-8,3	-3,9				-12,3	-36,7		
Fjölmenningssetur 329	-2,6							0,0	-2,6		
Innflytjendaráð og móttaka 999-149	-21,8	-0,1	-8,3	-3,9				-12,3	-34,1		
Aðhald Vinnumál og atvinnuleysi mfl. 30.1	-125,1	-43,0	-10,4	-2,2	-17	0	0	-72,6	-197,7	43	
Vinnumálastofnun 980	-39,1	-31,8	-2,4	-2,2				-36,4	-75,5	43	
Verndaðir vinnustaðir 981-121	-1,8		-0,4					-0,4	-2,2		
Vinnusamningar öryrkja 981-125	-24,6		-0,1					-0,1	-24,7		
Umsýsla Ábyrgðarsjóðs 982-115	-1,4		-1,0					-1,0	-2,4		
Vinnumarkaðsaðgerðir 984-135			-0,7		-17			-17,7	-17,7		
Umsýsla Atvinnuleysisstryggingasjóðs 984-115	-29,6	-11,2	-4,1					-15,3	-44,9		
VIRK 986	-21,6							0,0	-21,6		
Tryggingasjóður sjálfst. starfandi 987	-0,4		-0,1					-0,1	-0,5		
Starfsendurhæfing 988	-6,6		-1,6					-1,6	-8,2		
Aðhald Vinnumarkaður mfl. 30.2	-27,5	-26,0	-3,0	-3,0	0	0	-20	-52,0	-79,5	24,6	23,5
Ríkissáttasemjari 302	-3,8	-2,9	-0,3	-0,3				-3,5	-7,3		23,5
Vinnueftirlitið 331	-21,4	-20,3	-1,2	-1,2				-22,7	-44,1	24,6	
Vinnumál 981-111	-2,3	-2,8	-1,5	-1,5			-20	-25,8	-28,1		
Aðhald Stjórnýsla félagsmála mfl. 32.4	-79,1	-60,3	-4,8	-2,7	-30	-20	0	-117,8	-196,9	33	122,1
Aðalskrifstofa 101	-16,4	-8,1	-16,9	-0,8	-0,7			-26,5	-42,9		20
Úrskurðarnefnd velferðarmála 151	-4,4	-5,4	-0,1					-5,5	-9,9		
Gæða og eftirlitsstofnun velferðarmála 171	-4,2	-4,8	-0,1					-4,9	-9,1		52,1
Ýmislegt 190-190	-2,2		-0,3					-0,3	-2,5		
Ýmis framlög 190-198	-4	-0,6	-0,9		-30	-20		-51,5	-55,5		
Tryggingastofnun 821	-36,4	-32,6	-2,6	-2,0				-37,2	-73,6	33	
Velferðarstyrkir 999-196	-3,4							0,0	-3,4		50
Samtals	-442,4	-154,2	-76,2	-13,6	-47	-20	-40	-351,0	-793,4	112,5	190,4



8. Hver er áætlaður meðalkostnaður á dag vegna einstaklings sem sækir um alþjóðlega vernd á Íslandi og hvernig greinast helstu þættir hans?

Í neðangreindu útgjaldayfirliti er tiltekinn heildarkostnaður vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á árinu 2023 (málsmeðferðarhluti umsókna er á höndum dómsmálaráðuneytis). Inn í þessum tölum er einnig allur launa- og rekstrarkostnaður við að veita þjónustuna. Meðalkostnaður á mánuði, að öllu meðtöldu, per umsækjanda er ríflega 300 þúsund krónur. Meðalkostnaður á dag er um 10 þúsund krónur.

07-325 Umsækjendur um alþjóðlega vernd			
2023	Raun	Áætlun	SAMTALS
	jan-sep	okt-des	
Laun og launatengd gjöld	215.630.192	91.075.527	306.705.719
Greiðslur til umsækjenda	753.849.089	314.977.888	1.068.826.977
Ferðir og fundir (samgöngur og akstur)	222.358.285	57.491.010	279.849.295
Rekstrarvörur	203.588.114	37.680.000	241.268.114
Aðkeypt þjónusta	4.271.408.276	1.543.183.101	5.814.591.377
Húsnæði	1.473.467.944	554.759.095	2.028.227.039
Bifreiðar og vélar	430.686	132.000	562.686
Rekstrarkostnaður	50.264	15.000	65.264
Samtals	7.140.782.850	2.599.313.621	9.740.096.471
Meðalkostnaður pr mánuð á tímabili	793.420.317	866.437.874	811.674.706

Fjöldi á framfærslu að meðaltali pr mánuð á tímabili	jan-sep	okt-des	Meðaltal
VMST	2.121	2.583	2.236
Sveitarfélögin - skv. samningi	436	480	447
Samtals	2.556	3.063	2.683
Meðalkostnaður pr umsækjanda pr mánuð	310.399	282.886	302.547
Meðalkostnaður pr umsækjanda pr dag	10.347	9.430	10.085